

Fundur 25.3.2024 Gene Roddenberry höfundur Star Trek.

Komið þið sæl og blessuð.

*Góða kvöldið og blessaður. Sæll.*

Tala ég til ykkar úr stjörnusambandsstöð og er hér máttur nægur og fannst mér ekki allt það koma fram þegar ég náði sambandi síðast við ykkur og mun ég reyna að bæta úr því hér í kvöld.

Og vona ég að félag ykkar gangi vel, svo undirtektir verði góðar og íslensku þjóðinni vegni sem best.

*Pakka þér fyrir það.*

Á ég erfitt með að hefja hér tölu þar sem orkan er ekki alveg nægileg, en það er að koma og vil ég byrja á því að segja frá því hvað ég tók mér fyrir hendur í framlífi þegar ég hingað kom og tengist það ræðu minni hér í kvöld.

Eins og faðir minn voru mér lögreglustörfin mikils virði, enda hafði ég lært til þeirra og hef ég þó fengist við margt annað um æfina, en leiðir það mann á mismunandi brautir, það sem eitt sinn hafði verið grunnmenntun manns.

Og kynnist maður ýmsu fólki á lífsleiðinni sem starfar við skyld fög, en þó önnur og getur lífssýn manns breyst og það má vel kalla það þroska.

Er ég þakklátur fyrir þær góðu viðtökur sem ég fékk á nýrri jörð og hefur það hjálpar mér við að sinna fleiri hugðarefnum en ég komst yfir á gömlu jörðinni, en þó svipuðum.

Og hefur mig oft langað til að komast í samband við ykkar fund á litla Íslandi þar sem kenningar ykkar fara svo nálægt æfistarfi mínu hin seinni ár á jörðinni og fara svo nálægt hreyfingu ungra manna og kvenna á jörðinni sem við minn iðnað er kenndur.

Og finnst mér það alveg stórmerkilegt að kenningar ykkar félags skuli ekki hafa borist til stórpjóðanna í miklum mæli, en það sem varð mér til innblásturs voru nokkurs konar bókmenntir tíðarandans og voru þær að vísu einnig tengdar stjörnunum og möguleikunum á lífi víðar en á gömlu jörðinni.

Þannig að segja má að margir hugsuðir hafi á sama tíma fengið innblástur frá rithöfunum og vísindamönnum sem í upphafi aldarinnar voru að uppgötva meira og meira í þessum efnum.

Já ég fjallaði um störf þau sem faðir minn gegndi á jörðinni og ég gengdi þegar ég var ungur, fyrstu árin og hefur mér fundist það æ mikilvægara hin seinni ár á þessum hnetti, þar sem órói er sumstaðar að aukast og þörf á regluverki, og sömu hópar og voru til vandræða á okkar gömlu jörð, eru einnig til vandræða hér, eins og til dæmis múslimar.

Eftir því sem ég hef lært meira í vísindum á framlífs jörð minni, hef ég gert mér grein fyrir því að skáldskapur sá sem ég kom á sjónvarps skjáinn og hefur blómstrað vel eftir það, var full mikil einföldun á veruleikanum og bjartsýni mín of mikil um frið og samtaka mátt tegundanna í geimnum.

En nafn mitt er Gene Roddenberry, höfundur Star Trek.

*Já.*

Sjónvarps, handritshöfundur og lögreglumaður, hef ég talað til ykkar einu sinni áður og kannski oftár.

Ég komst í samband hér áður fyrr, þar sem ekki var unnt, þar sem mér var ekki unnt að nefna nafn mitt, en það kann að vera, já.

*Hefur fengið að kynnast ýmsu.*

Já, hér á framlífs jörð lærum við að ekki er alltaf friður á milli tegundanna í geimnum og rétt eins og á jörðinni gömlu þarf að gæta að hverjir eru þar á ferðinni og halda í hóp samherja sinna.

Já hef ég hér á framlífs jörð lært um lífstefnu mannkyn og helstefnu mannkyn og hef ég lært um helstefnu og lífstefnu og munin á þessu tvennu og hef ég lært um það hvernig við sem handrits höfundar í Hollywood vorum stundum undir áhrifum helstefnu afla og stundum undir áhrifum lífstefnu afla.

Og lífið heldur áfram, önnur kona og afkvæmi og sjónvarps kerfi með öðrum hætti og menningarlíf með öðrum hætti, en margt er svipað.

Og hef ég stundum hugsað um það að ef ég hefði þekkt kenningar dr. Helga Pjeturss, hefði ég haft þetta sjónvarps efni með öðrum hætti og boðað muninn á lífstefnu og helstefnu með ákveðnum hætti og eitt af því sem ég hef lært, er hvernig útlits einkenni þau sem komu fram í þáttunum eru kennd við helstefnu öflin og var það rangt af okkur að sýna þau með þessum hætti eins og þau tengdust lífstefnu öflunum.

Hef ég reynt að vera í stilli hóp til þess að hafa jákvæð áhrif á handritshöfunda Hollywood og er ég enn í einhverjum andlegum samböndum og finna fyrir mér og er það mér sífellt meira áhugamál að koma inn góðum og mannbætandi áhrifum í þessa menningu og hefur það verið misjafnlega auðvelt og stundum býsna erfitt.

Ætla ég nú að gefa ykkur færi á nokkrum spurningum ef mér veitist orka til þess að svara hér í kvöld.

*Mig langar að spurja þig, ert þú búinn að hitta þá sem innblésu þér hugmyndinni að þáttunum ?*

Já þetta er nú merkileg spurning og ekki auðvelt að svara henni þar sem, já það varð ákveðin ruglingur í því hvernig ég skynjaði útlit þessara vera og passaði það ekki alltaf við innræti þeirra, en þær eru til, en þú átt við þær mennsku verur á þessum hnetti sem höfðu áhrif á mig, já ég hef hitt þá og var nú mikið hlegið og skálað yfir því hvað margt fór öðru vísi en ætlað var.

*Já já.*

Já en já þeir telja að ég hafi þó verið á réttri braut og verið að túlka réttar hugmyndir að sumu leiti og þakka ég fyrir þessa ágætu spurningu.

En eru fleiri sem, nei, já það væri áhugavert að lýsa því hvernig afþreying þessi hefur breyst á framlífs hnetti hjá okkur og hvernig myndunum er varpað á tjald og hvernig gæðaeftirlit er meira með fréttum og þörf að láta af pólitískum skoðunum en segja mikilvægar fréttir sem fyrst og hvernig gæðaeftirlit þarf að hafa með því hvernig fólk er valið í þau störf, en ég hef íað að þessu og það er nóg í bili, en það er ekki alveg mín deild, en margir hafa rætt við mig um það.

Gleður mig að tala við ykkur í kvöld og ber ég mikla virðingu fyrir dr. Helga og þessu starfi, tel ég að við störfum á nokkuð svipuðu sviði, þakka ég fyrir mig í kvöld og verið þið sæl.

*Má ég spurja þig einnar spurningar ?*

Hvað segir þú ?

*Mig langar að spurja þig, hafið þið orðið var við það eftir á, að einhver ill öfl hafi verið að ýta ykkur til að gera eitthvað sem gæti orðið til skaða fyrir mannkynið eða fyrir fólkið ?*

Í þessum þáttum áttu við ?

*Já ég meina það, hefur þér fundist einhver ill öfl sem væru að reyna að hafa áhrif á ykkur að gera eitthvað sem gætu orðið til skaða ?*

Já það eru mörg öfl sem eru þannig, niður rífangi og slæm, en það er einnig það til, að fólk fær ekki rétt skilaboð og við sem erum að framleiða þetta efni, túlkum það ekki nógu skýrt.

En já það er til líka að helstefnu öflin, en get víst ekki farið út í það að sinni, þú hefði átt að spyrja hér á undan.

Orkan er að minnka þetta er of þung spurning að sinni, en þakka fyrir að sinni og verið þið sæl.

*Vertu blessaður.*